

LÖG

um breytingu á lögum nr. 115 31. desember 1985, um skráningu skipa, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað 4. málsl. 1. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Aðeins má skrá til fiskveiða hér á landi skip sem eru í eigu eftirtalinna aðila:

1. Íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hér á landi.
2. Íslenskra lögaðila sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu íslenskra ríkisborgara, sem eiga lögheimili hér á landi, eða íslenskra lögaðila sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:
 - a. Eru undir yfirráðum íslenskra aðila.
 - b. Eru í eigu erlendra aðila að hámarki 25% sé miðað við hlutfé eða stofnfé. Fari eignarhlutur íslensks lögaðila í öðrum lögaðila, sem er skráður eigandi skips, ekki yfir 5% má eignarhlutur erlendra aðila þó vera allt að 33%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 6. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Halldór Blöndal.

Nr. 40

LÖG

6. maí 1997

um breytingu á iðnaðarlögum, nr. 42 18. maí 1978, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 2. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, 2.–3. mgr., er orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði laga þessara hafa ríkisborgarar eða lögaðilar aðildarríkja að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið rétt til að starfa í iðnaði á grundvelli skuldbindinga Íslands um viðurkenningu á starfi og starfsþjálfun í iðnaði í öðru EES-ríki. Ráðherra getur kveðið nánar á um þennan rétt í reglugerð.

Lögreglustjórar skulu staðfesta réttmæti gagna um starf og starfsþjálfun eftir að viðkomandi félagi iðnaðarmanna, m.a. landssamtökum meistara og sveina, hefur verið gefinn kostur á að segja álit sitt. Lögreglustjórar hafa eftirlit með framkvæmd þessara ákvæða. Ágreining um rétt má bera undir ráðherra og enn fremur leita úrskurðar dómstóla.